

Fundargerð skólaráðs Oddeyrarskóla 10. apríl 2013

Mættir:

Fulltrúar foreldra: Erlendur, Marína og Snorri

Fulltrúi nemenda: Magni

Fulltrúar starfsmanna: Kristín skólustjóri, María kennari, Sólveig kennari og Brynja matráður.

Fundarefni:

1. **Skóladagatal 2013-2014. Var samþykkt á kennarafundi miðvikudaginn 3. apríl.**
 - a. Kristín kynnti skóladagatalið. Marína benti á að gott væri að Aðalfundur foreldrafélags Oddeyrarskóla yrði færður inn á dagatalið. Nokkrar umræður urðu um dagatalið og síðan var það samþykkt í skólaráði.
2. **Foreldrakönnun Skólapúlsins**

Kristín kynnti samantekt á niðurstöðum og talaði sérstaklega um þá þætti sem koma sem frávik frá meðaltali á landsvísu. Nokkrar vangaveltur og umræður um þessa þætti, svo sem umfang eineltis í skólanum að mati foreldra. Kristín lagði áherslu á að vinna yrði enn betur að eineltismálum og það kom líka fram í könnuninni að foreldrar telja vel staðið að úrvinnslu eineltismála.

Erlendur Steinar orðaði það þannig að könnunin sýndi okkur að í hverfinu væri dásamlegri fjölbreytileiki en í öðrum hverfum.
3. **Skíðadagur í boði Hlíðarfjalls og skóladeildar. Fyrirkomulag.**

Umræða um fyrirkomulag skíðadags vegna þess að foreldrar hafa vakið máls á að ekki sé gætt jafnræðis í 1. og 2. bekk þegar nemendur sem eiga skíðabúnað og eru vön á skiðum fá að fara á skíði en aðrir nemendur sem ekki eiga slíkan búnað eiga ekki möguleika á að fá að fara á skíði.

Skólaráð lagði til að áfram yrði farið með nemendur í 1. og 2. bekk í Hlíðarfjall á skíðadegi en á meðan ekki er unnt að koma því við að allir nemendur eigi möguleika á að fá lánaðan skíðabúnað og kennslu verði allir nemendur þessara bekkja með þotur og sleða.
4. **Varðandi list- og verkgreinakennslu:**
 - a. Kristín kynnti hugmyndir um að vera með **bundið val í list- og verkgreinakennslu í 8. -10. bekk**. Nemendur geta þá valið þrjár list- og verkgreinar yfir veturinn, en geta jafnvel verið tvö eða þrjú tímabil í sömu list- eða verkgrein. Kristín er í viðræðum við Heimi Ingimars um að koma í stundakennslu í tónmennt fyrir unglíngingana. Aðrar greinar sem verða í boði eru myndlist, smíðar, textílmennt, leiklist og dans.
 - b. Á **ýngsta stigi** munu kennarar skipuleggja og annast list- og verkgreinakennslu. Í hópnum eru nokkrir kennara með menntun í list- og verkgreinum, t.d.

danskennari, klæðskeri og heimilisfræðikennari. Umræða er um að setja uppbotið inn í það, því þar eru mikið unnin listgreinaverkefni. E.t.v. verða nemendur í blönduðum hópum, t.d. 1. og 2. bekkur saman og 3. og 4. bekkur saman. Það hefur oft gefist vel og er gert í uppbotinu.

c. Fulltrúum skólaráðs leist vel á þessar hugmyndir.

5. Varðandi íþróttakennslu:

Hugmyndir eru um að kynjaskipta nemendum í íþróttum og sundi og þar af leiðandi verður kynjaskipting í bóklegum tímum á móti og nemendum 8.- 10. bekkjar blandað saman í hópa. Fulltrúum skólaráðs fannst þetta tilraunarinnar virði.

6. Önnur mál:

a. **Myndataka:** Skólinn hefur fengið tilboð í bekkjarmyndatökur þar sem hver bekkur er myndaður og hver nemandi líka. Nemendur fá þrjár útprentaðar myndir af sér og eina bekkjarmynd fyrir 3500 krónur. Skólinn getur fengið nemendamyndirnar allar á rafrænu formi til að setja inn á Mentor og það þykir forsvarsmönnum skólans góður kostur. Einnig getur skólinn fengið myndatöku af starfsfólki, bæði hópmynd og einstaklingsmyndir til að setja á heimasíðu og í Mentor. Þetta yrði næsta haust. Fulltrúum skólaráðs leist vel á að prófa þetta og láta mynda allan skólann næsta haust og svo yrðu 1., 4., 7. og 10. bekkur myndaðir árlega eftir það ef vel gengur.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Marína Sigurgeirsdóttir

fundarritari